hjá Grikkjunum; eins hjá Gyðingunum Proverbia
Salomonis, sem þessi siðafræði svo-kallaða, enn
þó ekki nema spakmæli, og því ekki reglulega rjett
nefnd siðafræði. — Hin vísindalegri heimtar siðafræ-
ðin ekki nóg að taka fram einstök atriði, eða
tala í sundurlausum greinum, heldur er það hennar
mið að útlista atriði siðalögmálsins í samanhang-
andi byggingu, og hún á að taka alt sjerhvers líf-
-ið í aðalatriðunum þess, nl.: sína í samanheingi
allar grundvallarreglur hinns sjerhverslega lífs,
svo hún gjeti orðið sem nokkur ljósgjafi að öllu lífinu.

## 4a og 5ta grein.

Til þess að skýra fyrir sjer hugmynd siðafræðinnar,
er nauðsynlegt að skoða hana í sambandi við þær
vísindagreinir sem henni eru náskyldar, t.a.m. Mann-
fræðina, og Lögfræðina. Mannfræðin hefur
það góða fyrir sjer og fyrir innihald sitt, enn þó með
öðrumhætti; hún tekur manninn fyrir eins og hann kjem-
-ur frá hendi skaparans, skoðar eðli hanns og hvað hann
gjeti orðið eptir þeim kröfum sem hann er útbúinn með
af náttúrunni; hún skoðar því það góða sem möguleika
í manninum; hún er seinasti liður í náttúruheimspek-
-inni, því með manninum er náttúrunnar-ríkið á enda,
enn andans-ríkið nemur upp, enn eins og hún er seinasti
liður í náttúruheimspekinni, svo er hún fyrsti liðurinn í and-
-ans-heimspekinni, því í mannfræðinni er frelsi mannsins
skoðað sem hæfilegleiki, möguleiki; Mannfræðin ran-
-sakar hvernig mannkynið sje að einum hjá ... , hvernig hún
verður og þá að sálarfræði: skoðar með fræðum hæfileg-
-leika andans. — Kant hinn, vakti einkum eftirtekt
á mannfræðinni, og Steffen hefur og sýnt sambandið
náttúruheimspekinnar og andaheimspekinnar — og Schubert talar
— þeir skoða náttúruna sem spásögu um andann, það sem
í náttúrunnar-ríki er sem frækorn, kjemur fram sem
líf í andans ríki. — Þannig byrjar þá náttúrufræðin víkur
inn í mannfræðina, og mannfræðin opnar inn í siðafræðina,
Mannfræðin er eins og undirbúningur undir siðafræðina. —
hvert stig í mannfræðinni bendir til samsvarandi æðra stigs
í siðafræðinni líf, þankar, kraptar, benda til hinnar sjerhver-
ist. sjálfsákvörðunar í siðafræðinni. Siðafr. talar optar um

(— Framhald af sama síðunni)